

Umræðufundur Dögunar um TiSA-viðræðurnar, 28. janúar 2016

Framsaga Bergþórs Magnússonar, lögfræðings í utanríkisráðuneytinu

I. Inngangur:

Mig langar til að byrja á því að þakka Dögun fyrir að boða til þessa kynningarfundar og fyrir að gefa okkur í utanríkisráðuneytinu tækifæri til að kynna TiSA-viðræðurnar og stöðu þeirra.

Tímans vegna verð ég að fara hratt yfir sögu. Ég mun í upphafi gera stuttlega grein fyrir viðræðunum almennt, að því búnu skýri ég nánar um hvað viðræðurnar snúast og að lokum kem ég inn á nokkur atriði sem hafa verið til umræðu í gagnrýni á viðræðurnar.

II. Almennt um TiSA-viðræðurnar:

Ef lönd ESB eru talin hvert fyrir sig taka samtals 50 ríki þátt í TiSA-viðræðunum. Um er að ræða bæði þróuð ríki og þróunarríki frá sex heimsálfum. Þeirra á meðal eru þau lönd sem við Íslendingar eigum hvað mest viðskiptasamstarf við, þ.e. öll EFTA-ríkin ásamt ESB og Bandaríkjunum.

En hver er ástæðan fyrir því að þessi ríki hafa tekið sig saman um að hefja viðræður sín á milli og á hvaða grundvelli fara viðræðurnar fram?

Í tengslum við stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, árið 1995 gerðu aðildarríki stofnunarinnar svokallaðan GATS-samning um þjónustuviðskipti. Ísland, sem eitt af aðildarríkjum WTO, var meðal þeirra ríkja sem gerðust aðilar að samningnum. Í dag eru 162 aðilar að WTO og þar með talið GATS-samningnum.

Uppfærsla á efni samningsins er tímabær að mati margra ríkja WTO, enda hefur löggjöf hvað varðar umhverfi þjónustuviðskipta tekið breytingum á þeim tuttugu árum frá því samningurinn var gerður. Einnig hafa mörg ríki, þ.m.t. Ísland, gert fríverslunarsamninga þar sem skuldbindingar ganga lengra en í GATS. Þá hafa orðið tæknilegar breytingar og framþróun, t.d. í rafrænum viðskiptum og fjarskiptaþjónustu, sem kalla á endurskoðun á texta GATS.

Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag um það innan WTO að hefja slíka endurskoðun. Af þeim sökum ákvað hluti ríkja WTO að hefja viðræður um samning sín á milli um aukið frelsi í þjónustuviðskiptum. Mörg þessara ríkja eru umsvifamikil í slíkum viðskiptum og fara um 70% slíkra viðskipta í heiminum fram í þessum ríkjum.

Í viðræðunum er að verulegu leyti byggt á GATS-textunum sem grundvelli hins nýja samnings. Einstök lönd geta jafnframt lagt fram eigin tillögur að samningstextum. Þær tillögur sem fram koma eru ræddar á fundum þar sem fulltrúar allra samningsaðila sitja. Einstakir samningstextar teljast ekki samþykktir nema öll ríkin hafi samþykkt þá. Vonast er til að WTO-ríki sem ekki taka þátt í TiSA-viðræðunum gerist aðilar að samningnum á síðari stigum.

Ákvörðun um að Ísland taki þátt í viðræðunum var tekin af þáverandi utanríkisráðherra í desember 2012. Sú ákvörðun var síðan staðfest af núverandi ríkisstjórn í júní 2013. Því liggur fyrir ákvörðun tveggja ríkisstjórna um þátttöku í viðræðunum.

Við þá ákvörðun var litið til þess að þjónustuviðskipti eru mikilvægur og vaxandi geiri í alþjóðaviðskiptum og utanríkisviðskiptum Íslands - í kringum 40 prósent af heildarviðskiptum Íslands við umheiminn - og að þau ríki sem Ísland á mest viðskipti og samstarf við taka þátt í viðræðunum. Stefnt er að því með þátttöku í viðræðunum að tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja þannig að þau sitji við sama borð og samkeppnisaðilar þeirra frá nágrennaríkjum Íslands.

Ef við reynum að setja þessi 40% okkar utanríkisviðskipta í samhengi þá flokkast flug og ferðmannaiðnaðurinn sem þjónusta. Stórt hlutfall af tekjum hátækniyrirtækja eins og Marel, Össurar, 3-X, Skagans og Völku koma af þjónustu. Íslensk fyrirtæki eins og Ístak, Jarðboranir, Efla og Mannvit eru að flytja út þekkingu og þjónustu og svo mætti lengi telja. Okkar markmið er að mæta þörfum íslenskra fyrirtækja af þessu tagi á erlendum mörkuðum.

Rétt er að taka fram að ákvæði TiSA-samningsins munu hafa mjög takmarkað gildi hvað varðar þjónustuviðskipti milli Íslands annars vegar og ESB og EFTA-ríkjanna hins vegar. Takmarkanir á þjónustuviðskiptum milli þessara ríkja hafa að langmestu leyti verið afnumdar með ákvæðum EES-samningsins og ríkir mun meira frelsi í þjónustuviðskiptum á innri markaði EES en samið verður um í TiSA-viðræðunum.

Vonir standa hins vegar til þess að íslenskir þjónustuveitendur muni njóta góðs af fyrirhuguðum TiSA-samningi í viðskiptum við önnur ríki sem taka þátt í viðræðunum s.s. Bandaríkin, Kanada, Mexíkó, Japan og Ástralíu.

III. Efni TiSA-viðræðnanna:

Í stórum dráttum má segja að efni TiSA-viðræðnanna sé tvíþætt:

Annars vegar gangast einstök ríki undir skuldbindingar um að veita erlendum þjónustuveitendum aðgang að markaði sínum og jafnframt um að takmarka möguleika sína til að mismuna á milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda. Þessar skuldbindingar koma fram í svokölluðum skuldbindingaskráum sem hver samningsaðili fyrir sig leggur fram.

Hins vegar er í viðræðunum fjallað um þau ákvæði sem verði í meginmáli og viðaukum samningsins. Þær reglur munu gilda með sama hætti fyrir alla aðila.

1. Markaðsaðgangur og jafnræði innlendra og erlendra aðila:

Megininntak TiSA-viðræðnanna er að þátttökuríkin semja um það sín á milli að hvaða marki þau veiti þjónustuveitendum frá hinum ríkjunum möguleika á að veita þjónustu á sínum eigin markaði. Hvert ríki gefur skuldbindingar um þetta í eigin skuldbindingaskrá.

Sem áður segir eru skuldbindingarnar tvíþættar. Annars vegar um það hvort erlendum aðilum sé yfir höfuð heimilt að veita þjónustu á viðkomandi markaði. Hins vegar hvort ríkið áskilji sér heimild til að mismuna í löggjöf sinni milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda, erlendum aðilum í óhag.

a. Markaðsaðgangur erlendra þjónustuveitenda:

Hvað varðar markaðsaðgang þá ákveður viðkomandi ríki hvaða svið þjónustu það vill skuldbinda sig til að heimila erlendum aðilum að sinna á sínum markaði. Sú skuldbinding er jafnframt útfærð nánar eftir því með hvaða hætti erlendir aðilar geti veitt þjónustuna, þ.e. hvort þeir veiti þjónustuna frá eigin heimalandi eða hvort þeir megi hafa viðskiptanærveru í landinu. Einnig hvort erlendir starfsmenn erlends þjónustuveitenda megi koma til viðkomandi lands til að veita þjónustuna.

Ekki eru neinar ákveðnar reglur um það fyrir hvaða svið þjónustu ríki eigi að bjóða markaðsaðgang. Einstök ríki taka sjálf eigin ákvarðanir um það. Verulegur munur getur verið á milli skuldbindinga ríkja að þessu leyti, eftir því hversu opnir markaðir þeirra eru fyrir erlendri samkeppni.

Þó má segja að þær skuldbindingar sem ríki hafa þegar tekið skv. GATS-samningnum sé lágmark hvað það varðar. Einnig er gert ráð fyrir að einstök ríki uppfæri skuldbindingar sínar frá GATS, að því marki sem þau hafa skuldbundið sig frekar í fríverslunarsamningum.

b. Jafnræði milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda:

Hitt atriðið sem einstök ríki tilgreina í skuldbindingaskráum sínum er það að hve miklu leyti þau áskilji sér rétt til að mismuna á milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda.

Í því felst nánar tiltekið að viðkomandi ríki áskilur sér rétt til að hafa í gildi reglur sem gera stöðu erlenda þjónustuveitandans lakari en þess innlenda. Sem dæmi um slíka mismunun mætti t.d. nefna að erlenda aðilanum væri gert að leggja fram tryggingu vegna starfsemi sinnar þrátt fyrir að innlendum aðilum væri heimilt að starfa án trygginga.

Í TiSA-viðræðunum er miðað við að einstök ríki tilgreini í skuldbindingaskránni hvert tilvik þar sem ríkið áskilur sér rétt til slíkrar mismununar og að skuldbindingaskráin innihaldi þannig tæmandi lista yfir heimildir til mismununar.

Gerð er krafa til þess að þau tilvik þar sem ríki áskilur sér rétt til mismununar byggi á ákvæðum í gildandi löggjöf viðkomandi ríkis. Þessi regla er kölluð „standstill“.

Jafnframt er gengið út frá því að einstakir fyrirvarar í skuldbindingaskrá um rétt til mismununar falli sjálfkrafa niður verði sú lagaheimild sem mismunun byggir á felld brott úr löggjöf ríkisins. Þetta er kallað „ratchet“.

c. Tilboð Íslands að skuldbindingaskrá:

Ekki er tók á að fara ítarlega yfir það tilboð sem Ísland hefur lagt fram í viðræðunum að skuldbindingaskrá. Ég vil engu að síður nefna nokkur atriði í sambandi við tilboðið:

- Í fyrsta lagi byggir tilboðið á skuldbindingum sem Ísland hefur þegar undirgengist skv. GATS-samningnum. Að langmestu leyti er í tilboðinu um að ræða sömu skuldbindingar og í GATS.
- Í öðru lagi rúmast þær skuldbindingar sem finna má í tilboðinu alfarið innan núgildandi laga og reglugerða hér á landi. Að óbreyttu myndi TiSA-samningurinn ekki kalla á laga- eða reglugerðabreytingar og ekki fela í sér breytingar á núverandi viðskiptaumhverfi hér á landi. Skuldbindingar um markaðsaðgang eru einungis gefnar fyrir þjónustusvið sem í dag eru opin fyrir samkeppni erlendis frá.

- Í þriðja lagi eru í tilboðinu undanskilin þau svið þjónustuviðskipta sem telja má sérstaklega viðkvæm. Þannig eru engar skuldbindingar teknar varðandi heilbrigðistengda þjónustu, félagslega þjónustu, þjónustu á sviði menntunar, hvers kyns útvarps- og sjónvarpsþjónustu og dreifingu á orku og vatni. Reyndar er rétt að taka fram í þessu sambandi að fyrirhugað er að TiSA-samningurinn muni, með sama hætti og GATS-samningurinn gerir, undanskilja frá gildissviði samningsins þá þjónustu sem opinberir aðilar veita. Engu að síður eru fyrrgreindir fyrirvarar settir í tilboð Íslands, til enn frekara öryggis.
- Tilboðið er aðgengilegt á vef UTN.

2. Almennir samningstextar (meginmál og viðaukar):

Þá vil ég víkja aðeins að hinum þætti viðræðanna, en það eru hinir almennu samningstextar. Þar er um að ræða annars vegar meginmál væntanlegs samnings og hins vegar viðauka um einstök svið þjónustuviðskipta, eða um tiltekið afmarkað efni varðandi þjónustuviðskipti.

a. Meginmál samningsins:

Meginmál samningsins byggir á ákvæðum GATS-samningsins. Þessi skilningur var forsenda þess að viðræður voru hafnar á sínum tíma.

Í ljósi þess að samningurinn er ekki á vegum WTO er ljóst að ákvæði þess samnings um lausn ágreiningsmála geta ekki átt við óbreytt í TiSA-samningnum. Því þarf að ákveða hvaða reglur eigi að vera um það. Sú umræða er ekki hafin innan TiSA. Ég kem inn á það síðar hvernig ákvæði megi búast við að verði í samningnum varðandi lausn deilumála sem og afleiðingar þess ef einstök ríki brjóta gegn skuldbindingum sínum.

b. Viðaukar við samninginn:

Alls hafa tillögur að alls 17 viðaukum verið lagðar fram. Að nokkru leyti er um að ræða tillögur að uppfærðu efni viðauka sem eru í GATS-samningnum, s.s. á sviði fjármálaþjónustu og fjarskiptaþjónustu. Einnig hafa einstakir samningsaðilar lagt fram eigin tillögur að nýjum viðaukum, um efni sem þeir telja að eigi erindi í samninginn.

Ísland ásamt Noregi lagði fram tillögu að einum viðauka, um orkutengda þjónustu, og kem ég nánar að efni hans síðar.

Eins og kunnugt er hafa einstakar textatillögur sem lagðar hafa verið fram í viðræðunum birst á netinu. Þótt þær tillögur gefi til kynna hvaða einstök atriði eru til umræðu, er rétt að hafa í huga að samþykki allra aðilanna sem taka þátt í viðræðunum þarf til að tiltekinn samningstexti eða einstök ákvæði hans hljóti brautargengi. Endanlegur samningstexti mun því ekki endurspeglja þær ítrustu væntingar sem fram koma í einstökum tillögum heldur þá niðurstöðu sem allir samningsaðilar geta á endanum sætt sig við.

IV. Ýmis atriði sem hafa verið til umræðu í gagnrýni á TiSA-viðræðurnar:

Að lokum vil ég koma inn á nokkur atriði sem hafa verið til umræðu varðandi efni væntanlegs TiSA samnings.

1. Leynd:

Í fyrsta lagi hefur því verið haldið fram að mikil og óeðlileg leynd hvíli yfir samningaviðræðunum.

Það er vissulega svo að viðræðurnar fara ekki fram fyrir opnum tjöldum, og samningsafstaða einstakra ríkja er ekki birt opinberlega.

Tillögur sem lagðar eru fram í samningaviðræðum milli ríkja eru almennt ekki birtar opinberlega, hvort sem það er á vettvangi WTO eða annarra alþjóðastofnana, í fríverslunarviðræðum eða annars konar samningaviðræðum milli ríkja.

Ísland getur ekki birt gögn annarra ríkja í viðræðum af þessu tagi; slíkt væri trúnaðarbrot í milliríkjasamskiptum.

Utanríkisráðuneytið hefur hins vegar brugðist við þessari gagnrýni með því að auka upplýsingagjöf um TiSA-viðræðurnar. Þannig höfum við sett upp ítarlegt efni á heimasíðu okkar þar sem gerð er grein fyrir ýmsum atriðum er varða viðræðurnar.

Meðal annars er þar að finna þá samningstexta sem Ísland hefur forræði yfir, þ.e. þá texta sem Ísland hefur lagt fram í viðræðunum. Um er að ræða annars vegar tilboð Íslands að skuldbindingaskrá og hins vegar tillögu að viðauka um orkutengda þjónustu.

Einnig má þar finna svör við ýmsum spurningum sem varða viðræðurnar og efni væntanlegs TiSA-samnings. Fleiri samningsaðilar hafa brugðist líkt við, þeirra á meðal ESB og Noregur.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins hafa jafnframt samráð við önnur ráðuneyti varðandi þau mál sem undir þau heyra. Þá eru hagsmunasamtök upplýst um framgang mála og upplýsingafundir haldnir með þeim.

Enn fremur hefur utanríkismálanefnd Alþingis verið upplýst um framgang viðræðnanna. Á síðasta löggjafarþingi mættu fulltrúar ráðuneytisins á tvo fundi nefndarinnar, auk þess sem sérstök umræða var haldin á þingi vegna viðræðnanna. Stefnt er að því að senda nefndinni minnisblað um stöðu viðræðnanna á næstu vikum og óska eftir fundi.

Hvað Alþingi varðar þá má einnig nefna að þegar niðurstaða hefur fengist í viðræðunum verður efni samningsins borið undir Alþingi.

2. Lausn ágreiningsmála (ISDS-ákvæði):

Því hefur og verið haldið fram að fyrirhugaður samningur muni innihalda ákvæði um svokallað „Investor-State Dispute Settlement“ eða ISDS.

Slík ákvæði er að finna í flestum fjárfestingasamningum ríkja. Í þeim er kveðið á um rétt erlends fjárfestis til að vísa deilum við viðtökuríki fjárfestingar til óháðs gerðardóms.

Enda þótt ekki sé farið að ræða um ákvæði um lausn ágreiningsmála í TiSA er hægt að slá því föstu að ekkert ISDS-ákvæði verður í samningnum. Efni samningsins er þjónustuviðskipti, en hann fjallar hins vegar ekki um vernd fjárfestinga og því myndi slíkt ákvæði einfaldlega falla utan gildissviðs samningsins.

3. Skaðabótaskylda ríkja vegna vanefnda á skuldbindingum TiSA-samningsins:

Þriðja atriðið sem nefna má eru áhyggjur af að ríki verði skaðabótaskyld ef þau uppfylla ekki skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Jafnframt að einstök fyrirtæki geti sótt slíkar skaðabætur.

Enda þótt ekki sé farið að ræða um lausn ágreiningsmála í TiSA er ekki ástæða til að ætla annað en að ákvæði samningsins um afleiðingar vanefnda verði með sambærilegum hætti og tíðkast í GATS og í ákvæðum um þjónustuviðskipti í fríverslunarsamningum almennt.

Þannig má gera ráð fyrir að það verði einungis ríkin sjálf en ekki einstakir þjónustuveitendur (einstaklingar eða fyrirtæki) sem geti verið aðilar að málsmeðferð við lausn ágreiningsmála um vanefndir samkvæmt samningnum.

Jafnframt má gera ráð fyrir því að verði ríki talið hafa brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum, verði það einungis krafið um efndir á skuldbindingum skv. samningnum og, verði það ekki við því, gæti það þurft að sæta því að ríki, sem borið hefur fram kvörtun, dragi hluta af sinni skuldbindingu til baka gagnvart viðkomandi ríki. Hins vegar yrði ekki um að ræða skaðabótaskyldu vegna vanefnda.

4) Einkavæðing opinberrar þjónustu.

Fjórða atriðið sem gagnrýni á TiSA hefur lotið að er að samningurinn snúist um einkavæðingu á almannaðjónustu og muni leiða til óafturkræfrar einkavæðingar.

Í þessu sambandi er rétt að ítreka að fyrirhugað er að TiSA-samningurinn muni, með sama hætti og GATS-samningurinn, undanskilja frá gildissviði samningsins þjónustu sem opinberir aðilar veita, nánar tiltekið þjónustu sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grundvelli né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur.

Jafnframt er rétt að rifja upp að það eru einstök ríki sem setja sjálf fram skuldbindingar um aðgang erlendra þjónustuveitenda að eigin markaði. Þau geta því, eins og gert er í tilboði Íslands, til enn frekara öryggis undanskilið hvers kyns skuldbindingum þá þjónustu sem eru í höndum opinberra aðila.

Markmið TiSA og annarra viðræðna um frelsi í þjónustuviðskiptum er enda fyrst og fremst að tryggja bættan aðgang erlendra þjónustuveitenda að þeirri starfsemi sem þegar er í höndum einkaaðila, ekki er gerð nein krafa um einkavæðingu starfsemi sem er í höndum opinberra aðila.

Hvað Ísland varðar þá hef ég þegar nefnt að til að taka af öll tvímæli undanskilur Ísland frá hvers kyns skuldbindingum þá starfsemi sem hið opinbera hefur með höndum. Þannig undanskilur Ísland sig skuldbindingum hvað varðar heilsutengda þjónustu, félagslega þjónustu, menntamál, hvers kyns útvarps- og sjónvarpsþjónustu, pósthjónustu og dreifingu á vatni og orku.

Við tökum því einungis á hendur skuldbindingar um markaðsaðgang á sviðum sem eru þegar í höndum einkaaðila og sem eru jafnframt þegar opin fyrir samkeppni erlendis frá.

Rétt er að taka fram að ákvæði um „standstill“ og „ratchet“ fela ekki í sér að þjónustu sem hefur einu sinni verið einkavædd verði ekki komið á ný í ríkisrekstur. Reglur um „standstill“ og „ratchet“ eiga sem áður segir við um skuldbindingar varðandi jafnræði milli erlendra og

innlendra aðila. „Standstill“ og „ratchet“ eiga hins vegar ekki við um þann þátt skuldbindingaskrár sem lýtur að því hvort erlendum þjónustuveitendum sé veittur aðgangur að markaði. Því skipta reglurnar um „standstill“ og „ratchet“ ekki máli hvað varðar möguleika til að færa einkarekstur yfir í opinberan rekstur.

Hitt er svo annað mál að möguleikar á því að færa aftur í hendur opinberra aðila starfsemi sem hefur verið í höndum einkaaðila kunnu að takmarkast vegna skuldbindinga sem hafa verið gefnar um markaðsaðgang erlendra þjónustuveitenda. Í því sambandi er þó rétt að hafa í huga að einstök ríki eiga alla möguleika á því að setja fyrirvara og undanskilja skuldbindingum þær tegundir starfsemi sem ríkisvaldið sinnir helst, svo sem heilbrigðisþjónustu og menntun.

5. Tillaga Íslands og Noregs að viðauka um orkutengda þjónustu:

Í fimmta lagi vil ég nefna tillögu Íslands og Noregs að viðauka um orkutengda þjónustu.

Í byrjun desembermánaðar á síðasta ári birtist á síðum Wikileaks tillaga Íslands og Noregs um orkutengda þjónustu. Því hefur verið haldið fram að í þeim tillögum felist að öll form orku séu gerð jöfn og að kjörnir fulltrúar geti ekki valið endurnýjanlega orku fram yfir óendurnýjanlega orku.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram í fyrsta lagi að tillagan var upphaflega kynnt og birt í heild sinni að frumkvæði íslenskra og norskra stjórnvalda á heimasíðu utanríkisráðuneytisins og upplýsingasíðu Noregs í mars á síðasta ári.

Jafnframt er rétt að taka fram að viðaukanum er ekki ætlað að hafa áhrif á það hvaða orkugjafa einstök ríki kjósa að vinna og nýta. Í 5. gr. viðaukans er tekið skýrt fram að aðilar viðurkenni fullt forræði einstakra ríkja yfir orkuauðlindum. Jafnframt að hver aðili fyrir sig hafi fullan rétt til að ákvarða hvaða landsvæði verði nýtt fyrir rannsóknir, þróun og nýtingu orkuauðlinda.

Í stuttu máli má segja að tillögunni er ekki ætlað að takmarka með neinum hætti hvaða reglur einstök ríki setja varðandi það hvort eða hvaða orkuauðlindir skuli nýttar. Hafi viðkomandi ríki hins vegar tekið ákvörðun um að nýta tiltekna orkuauðlind, gerir tillagan ráð fyrir því að veittar verði opnanir á það að þjónustuveitendur frá hinum TiSA-ríkjunum fái möguleika, með sama hætti og innlendir aðilar, á að bjóða fram þjónustu sína á þeim tilgreindu sviðum þjónustu sem talin eru upp í tillögunni.

Markmið viðaukans er að aðgreina orkutengda þjónustu frá aðgangi að orkuauðlindum í texta og skuldbindingaskrár samningsins og gera þar með einstökum TiSA-ríkjum kleift að takast á hendur ríkari skuldbindingar en ella um markaðsaðgang fyrir orkutengda þjónustu. Slíkt kann að skipta verulegu máli fyrir rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja í orkugeiranum á erlendri grund.

6. Ný þjónusta verði alltaf einkavædd („future proofing“):

Þá vil ég loks nefna eitt atriði til viðbótar sem nefnt hefur verið í gagnrýni á TiSA, en það að í samningnum verði ákvæði þess efnis að sérhver ný þjónusta sem verði til skuli einkarekin. Í því sambandi hefur verið talað um ákvæði sem kallist „future proofing“.

Til svars við þessari gagnrýni er rétt að taka fram að eftir því sem ég veit best hefur tillaga að slíku ákvæði ekki komið fram í viðræðunum. Ef til slíkrar tillögu kæmi myndi Ísland leggja gegn henni.

Jafnframt er rétt að taka fram að slíkt ákvæði, ef það yrði lagt fram, hefði ekki þýðingu hvað Ísland varðar. Í tilboði Íslands er sérstaklega tekið fram að Ísland undirgengst engar skuldbindingar, hvorki hvað varðar þjónustuflokkinn „Other services not included elsewhere“, né heldur það sem í tilboðinu er kallað „New services and services not explicitly included in the WTO services classification list“.

V. Lokaorð:

Í lokin er rétt að nefna að almennir samningstextar TiSA-viðræðnanna hafa nú verið settir upp á netið og eru því aðgengilegir öllum. Enda þótt birting samningstextanna hafi ekki verið að frumkvæði eða ósk samningsaðilanna sjálfra verður að viðurkennast að birting þeirra, ásamt birtingu tilboðs Íslands að skuldbindingaskrá gerir alla umræðu um væntanlegt efni samningsins auðveldari en ella.

Í því sambandi er þó rétt að ítreka að þeir textar sem lagðir hafa verið fram eru einungis tillögur. Tilhneigingin er sú í viðræðum sem þessum að endanlegir samningstextar endurspegli þá staðreynd að til að ná samkomulagi meðal svo margra samningsaðila er þörf á koma til móts við mismunandi sjónarmið einstakra ríkja með málamiðlunum. Lokaniðurstaða viðræðnanna er því almennt séð líkleg til að ganga skemur en gert var ráð fyrir í upphaflegu tillögunum.

Með þátttöku í viðræðunum tókum við sömu afstöðu og öll okkar nánustu samstarfsríki og þau ríki sem við viljum bera okkur saman við, og sem hafa svipaða sýn og við, þ.m.t. öll EFTA-ríkin, ESB, og jafnframt öll ríki OECD. Sú afstaða felst í því að hagsmunum Íslands og íslenskra fyrirtækja sé betur borgið með að taka þátt í að semja um þær meginreglur og þau sjónarmið sem gilda munu í alþjóðaviðskiptum með þjónustu og að íslensk fyrirtæki njóti sambærilegrar stöðu við útflutning á þjónustu og samskeppnisáðilar þeirra í nágrennaríkjum okkar.

Um leið og ég þakka ykkur kærlega fyrir áheyrnina, langar mig til að ítreka að ítarlegar upplýsingar um TiSA-viðræðurnar er að finna á vefsíðu ráðuneytisins. Sömmuleiðis erum við í ráðuneytinu alltaf reiðubúin til að eiga frekari fundi með fulltrúum Dögunar eða öðrum aðilum sem láta sig viðræðurnar varða, hvort sem það er vegna sérstakra áhyggna af efni viðræðnanna eða tiltekinna hagsmuna sem viðkomandi telja sig eiga að gæta í viðræðunum.

Takk fyrir!